



Til foreldra og nemenda

FRÉTTABRÉF SÍÐUSKÓLA

Skólaárið 2015 - 2016 1. bréf

Kæru nemendur og foreldrar

Nú hefjum við 31. starfsár Síduskóla með skólasetningu þann 21. ágúst. Eins og þið vitið þá gátum við ekki nýtt hluta húsnæðisins á síðasta skólaári vegna leka. Í sumar hefur verið unnið hörðum höndum að því að lagfæra allar skemmdir og brátt mun bókasafnið og tölvustofan flytja aftur í kjallarann. Garðarnir okkar hafa líka fengið andlitslyftingu en grafa þurfti í stóra garðinum til að ná fyrir lekann sem hefur herjað á okkur síðastliðið ár. Nú er virkilega gaman að ganga um garðinn og sjá hvað gróðurinn er fallegur. Aðrar breytingar sem við höfum gert á húsnæðinu er að nú verður Frístundin að mestu leyti á sömu hæðinni, í rýminu á B-gangi eins og verið hefur og stofu 21 sem er á móti.

Nokkrir nýir starfsmenn hafa bæst í hópinn til okkar. Það eru Sigrún Birna Sigtryggsdóttir myndmenntakennari, Sigrún Helga Snæbjörnsdóttir grunnskólakennari, Svanborg Bobba Guðgeirsdóttir þroskaþjálfari og Anna Dögg Sigurjónsdóttir stuðningsfulltrúi en þær þrjár koma til með að vinna í sérdeildinni. Tinna B. Malmquist Gunnarsdóttir er skólaliði og Sigurbjörg Snæbjörnsdóttir er stuðningsfulltrúi í Frístund en Ásta Guðmundsdóttir sem hefur starfað í Frístund flytur sig yfir í mótuneytið. Áskell Viðar Bjarnason mun leysa af Andra Geir Viðarsson iðjuþjálfara sem er í fæðingarorlofi til loka september. Þá á eftir að ráða einn starfsmann í hlutastarf í Frístund.

Eins og staðan er í dag þá mun nemendafjöldinn í vetur vera um 400 og starfsmenn 74 þegar búið verður að ganga frá öllum ráðningum. Við bjóðum bæði nýja starfsmenn og nýja nemendur velkomna í hópinn okkar.

Skólasetning verður föstudaginn 21. ágúst og nemendur mæta á sal eins og hér segir:

2. - 5. bekkur klukkan 9.00

6. - 10. bekkur klukkan 10.00

Nemendur sem hefja nám í 1. bekk verða boðaðir í viðtal ásamt foreldrum hjá umsjónarkennurum 21. eða 24. ágúst. Á skólasetningunni mæta nemendur fyrst á sal þar sem skólastjórinn tekur á móti þeim og síðan fara þeir með umsjónarkennurum í sínar heimastofur. Foreldrar eru að sjálfsögðu velkomnir á skólasetninguna og gaman væri að sjá sem flesta.

Það er nauðsynlegt að við sem stöndum að skólanum lítum á okkur sem eina heild hvort sem við erum nemendur, starfsfólk eða foreldrar. Við þurfum að hafa að leiðarljósi einkunnarorð skólans ábyrgð, virðingu og vinnáttu og vera samstíga í að byggja upp framsækinn og öflugan skóla þar sem allir eru metnir að verðleikum og líður vel.

Með von um gott samstarf á nýju skólaári

Ólöf Inga

Á döfinni:

- 24. ágúst: Kennsla hefst skv. stundaskrá í 2. - 10. bekk
- 21. og 24. ágúst Nemendur í 1. bekk í viðtölum hjá umsjónarkennurum
- 25. ágúst Kennsla hefst skv. stundaskrá hjá nemendum í 1. bekk
- 27. ágúst: 6. bekkur í siglingu með Húna á Pollinum.



Skólanámskrá Síduskóla



Síðastliðið vor lauk endurskoðun skólnámskrár skólans.

Hún hefur verið birt á heimasíðu skólans: <http://www.siduskoli.is/is/page/skolanamskra>

Það er aldrei hægt að segja að rit sem þetta sé endanlegt því það er í stöðugri þróun í takt við tímann hverju sinni.


Skólanámskráin byggir á aðanámskrá grunnskóla frá 2011. Allir aðilar skólasamfélagsins komu að gerð hennar, með mismiklum hætti þó.

Grunnþættir menntunar, námsmat og lykilhæfnipættir eru helsta nýlundan í skólanámskránni.



Námsgagnalistar

Eins og undafarin ár eru námsgagnalistar fyrir 1.- 10. bekk birtir á heimasíðu skólans. Síðustu ár hefur sá háttur verið hafður á að umsjónarkennarar á yngsta stigi hafa tekið að sér að gera hagstæð magninnkaup á nauðsynlegustu námsgögnun fyrir sína bekki. Við viljum ítreka við foreldra að gera skil fljótt og vel þegar kostnaðar - upplýsingar koma frá umsjónarkennurum.



Gjafir frá Foreldra - og kennarafélagi Síðuskóla (FOKS)

Enn og aftur sýnir FOKS velvilja sinn til Síðuskóla í verki. Félagið hefur fært skólanum marga kassa af spilum og leikföngum sem fara bæði í Frístund og til nemenda í öllum bekkjum skólans. Við færum FOKS bestu þakkir fyrir gjafirnar og þær eiga án efa eftir að koma að góðum notum.

MATSEÐILL – ÁGÚST /SEPTEMBER 2015

24. Steiktur fiskur, kartöflur, ferskt grænmeti, sósa, ávextir	25. Kjötbollur, kartöflur, rauðkál, sósa	26. Fiskur í ofni, ostasósa, kartöflur, ferskt grænmeti, ávextir	27. Svínakjöt í súrsætri sósu, hrísgrjón, snittubrauð	28. Pítur með hakki, grænmeti, sósa
31 Gratineraður fiskur, kartöflur, ferskt grænmeti, ávextir				

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
	1. Slátur, kartöflumús, ávextir	2. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, rúgbrauð, ávextir	3. Buff, kartöflur, grænmeti, lauksósa	4. Mjólkurgrautur, slátur, smurt brauð
7. Hakk, spaghetti, snittubrauð, grænmeti	8. Ýsa í sósu, kartöflur, ferskt grænmeti, ávextir	9. Lambasneiðar, kartöflur, grænmeti, sósa	10. Ostafylltar fiskisteikur, kartöflur, ferskt grænmeti, st. laukur, ávextir	11. Súpa, brauð, ferskt grænmeti, ávextir
14. Fiskibollur, kartöflur, hrísgrjón, karrýsósa, ávextir	15. Kjötsúpa	16. Pönnukökur með kjúkl. grænmeti, salsasósa	17. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, rúgbrauð, ávextir	18. Pottréttur, kartöflumús, ferskt grænmeti
21. Plokkfiskur, rúgbrauð, ávextir	22. Lasagne, snittubrauð	23. Fiskur í raspi, kartöflur, grænmeti, sósa	24. Pítur með hakki, grænmeti, sósa	25. Mjólkurgrautur, slátur, smurt brauð
28. Kjöthleifur, kartöflur, rauðkál, sósa	29. Fiskiklattar, kartöflur, ferskt grænmeti, sósa, ávextir	30. Svínasnitzel, kartöflur, grænmeti, steiktur laukur		